

Fimmtudaginn 16.mars 2023 var haldinn fundur siðanefndar HRFÍ að Síðumúla 15, Reykjavík.

Fyrir var tekið mál nr. 9/2023.

HRFÍ

gegn

xxx

I. Málsmeðferð siðanefndar

Í erindi kæranda (HRFÍ) sem barst siðanefnd þann 5.desember 2022 er farið fram á úrskurð siðanefndar vegna þess að gögn benda til þess að kærði hafi gerst brotlegur við reglur um ættbókarskráningu. Við skráningu á hvolpum fæddum 30.04.2022 kom í ljós að Shetland Sheedog tíkin Island xx var ekki með gilda augnskoðun fyrir pörun. xx

Í reglum um ættbókarskráningu kemur fram að SHETLAND SHEEPDOG undaneldisdýr skulu augnskoðuð eftir eins árs aldur og niðurstaða kunn fyrir fyrstu pörun. Augnvottorð gildir ævilangt. Sable hvolpur úr pörun þar sem annað foreldri er blue merle er skráður með ræktunarbann. Ræktunarbanni má aflétta sýni niðurstöða DNA prófs að hvolpurinn beri ekki merle gen (sable merle).

Kæran var send kærða til umsagnar með bréfi dagsettu 25.janúar 2023 og honum gefin fjögurra vikna andmælafrestur. Engin andmæli bárust frá kærða. Siðanefnd tók málið til úrskurðar á grundvelli þeirra gagna sem fyrir lágu í málinu.

II. Helstu málsatvik og ágreiningsefni

Kærandi telur að með pöruninni hafi kærða brotið gegn grundvallarreglum félagsmanna HRFÍ með því að hafa parað xx án þess að fyrir lægi gilt augnvottorð.

III. Forsendur

Samkvæmt grundvallarreglum fyrir félagsmenn í HRFÍ skulu félagsmenn er nota hunda sína til ræktunar vera trúir ræktunarstefnu HRFÍ og nota aðeins til ræktunar viðurkennda hunda og vera vel að sér um það ræktunarmarkmið sem gildir fyrir viðkomandi kyn.

IV. Niðurstaða

Kærða telst hafa gerst brotleg við 2.4 gr. grundvallarreglna fyrir félagsmenn HRFÍ.

Kærði hlýtur áminningu.

f.h. siðanefndar

Arnheiður Runólfsdóttir

Sunna Birna Helgadóttir

Selma Olsen